

Fimmtudaginn 16. desember 1999.

Nr. 423/1999.

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

Óskari Svani Barkarsyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Samning dóms.

Í héraðsdómi var Ó sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa slegið G í andlitið og sparkað í hann og tekið í höfuð ÓB og skellt því niður á hné sér, síðan fellt ÓB, sest klofvega ofan á hann og þrýst fast með hné sínu og báðum höndum að hálsi hans. Fundið var að því, að í hinum áfrýjaða dómi væri látið við það sitja að rekja framburð vitna fyrir lögreglu og segja, að framburður vitnisins fyrir dómi hafi verið sambærilegur eða vitnið staðfesti framburð sinn hjá lögreglu. Þetta þótti þó ekki koma að sök við úrlausn málsins. Talið var, að lítils háttar misræmi í framburði sumra vitna hjá lögreglu og fyrir dómi væri ekki til þess fallið að haggja því sakarmati dómsins, að ákærði hefði að ósekju ráðist að G og ÓB og veitt þeim áverka í samræmi við verkn-aðarlýsingu ákæru. Þó þótti ekki vera fyllilega sannað að Ó hefði sparkað í G, en það ákæruefni fengi ekki stoð fyrir héraðsdómi í öðru en framburði eiginkonu G. Var héraðsdómur staðfestur um sakfellingu Ó, en með hliðsjón af 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þótti mega una við refsíákvörðun hans.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 27. ágúst 1999 á grundvelli a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt II. kafla ákæru og refsing verði þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu af II. kafla ákæru en til vara, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1999 var ákærði sýknaður af sakargiftum í I. kafla ákæru og bótakröfum vísað frá dómi

og eru þau úrlausnarefni dómsins ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Við skýrslutöku vitna fyrir héraðsdómi var sá háttur hafður á, að í lok yfirheyrslunnar var hverju vitni sýnd lögregluskýrsla með framburði þess og spurt, hvort það hefði undirritað hana, lesið hana yfir fyrir undirritun og hvort þar væri rétt eftir vitninu haft. Ekki kemur glögglega fram í endurriti málsgagna, hvort öll vitnin lásu skýrslurnar sjálf eða hvort þær eða hluti þeirra var lesinn fyrir vitnunum. Í hinum áfrýjaða dómi er við lýsingu framburðar flestra vitna látið við það sitja að rekja efni framburðarins fyrir lögreglu og segja, að framburður vitnisins fyrir dómi hafi verið sambærilegur eða vitnið staðfesti framburð sinn hjá lögreglu.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 skal dómur reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, en í 2. mgr. og 3. mgr. er að finna undantekningarákvæði, sem eiga við sérstakar aðstæður. Í d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 62/1994, er greindur sá réttur sakborninga, að þeir fái fyrir dómi að spyrja eða láta spyrja vitni, sem leidd eru gegn þeim. Af þessu leiðir, að í refsímálum er að jafnaði rétt að rekja efni framburðar fyrir dóminum sjálfum og eftir atvikum, hvernig hann samrýmist því, sem áður er fram komið fyrir lögreglu. Öðru máli getur hins vegar gegnt, þegar efni lögregluskýrslu er óyggjandi lesið í réttinum að lokinni skýrslutöku þar og einstök atriði úr henni og dómsframburði borin saman. Sú aðferð, sem héraðsdómari beitti, kemur þó ekki að sök við úrlausn þessa máls. Lítils háttar misræmi í framburði sumra vitna hjá lögreglu og fyrir dómi er ekki til þess fallið að haggja því sakarmati dómsins, að ákærði hafi að ósekju ráðist að Gunnari Birkissyni og Óskari Braga Sigbórssyni og veitt þeim áverka í samræmi við verknaðarlýsingu ákæru. Þó þykir ekki vera fyllilega sannað, að ákærði hafi sparkað í Gunnar Birkisson, en það ákæru-efni fær í raun ekki stoð fyrir héraðsdómi í öðru en framburði eigin konu hans.

Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur, en með hliðsjón af 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 þykir mega una við refsíákvörðun hans.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Óskar Svanur Barkarson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1999.

Mál þetta sem dómtekið var 11. júní sl. er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 23. apríl 1999 á hendur ákærða Óskari Svani Barkarsyni, kt. 110471-4919, Vesturvör 27, Kópavogi, fyrir líkamsárásir á árinu 1998 í Reykjavík:

I.

Aðfaranótt laugardagsins 1. ágúst utan við veitingastaðinn Hlöllla Bata, Lækjargötu 2, slegið Björn Stefán Björnsson, kt. 080177-3729, tvisvar á vinstra auga og elt hann síðan inn í strætisvagn sunnar við Lækjargötu og slegið hann þar aftur á vinstra auga, allt með þeim afleiðingum að brot kom í vinstri augntóttarbotn Björns Stefáns og þurfti hann að gangast undir aðgerð vegna brotsins þar sem vinstri augntóttarbotn var endurbyggður með siliconplötu. Hlaut hann einnig tvísýni og dofa í vinstri kinn vegna löskunar á skyntaug í augntóttarbotni og auk þess útlitslýti þar sem vinstra auga varð innstætt og augnglufan minni þeim megin og vinstra augnlokið 1-2 mm síðara en hið hægri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, sbr. einnig 111. gr. laga nr. 82/1998.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 4. október við biðskýli SVR í Lækjargötu gegnt Arnarhóli slegið Gunnar Birkisson, kt. 150662-5089, í andlitið og sparkað í hann og tekið með báðum höndum um höfuð Óskars Braga Sigþórssonar, kt. 021071-5799, og skellt því niður á hné sér, allt þetta með þeim afleiðingum að Gunnar Birkisson, sem féll til jarðar og vankaðist, hlaut tvo skurði ofan á vinstri augabrunn, hrufi á vinstri kinn og hægri úlnlið og Óskar Bragi Sigþórsson hlaut mikla bólgu á hægri kinn og bólgu á vinstri kinn, mar í andlit og blóðnasir, síðan fellt Óskar Braga, sest klofvega ofan á hann og þrýst fast með hné sínu og báðum höndum að hálsi hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sbr. einnig 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakar-kostnaðar.

Eftirtaldir gera skaðabótakröfur í málinu:

Af hálfu Björns Stefáns Björnssonar, Kríuhólum 4, Reykjavík, er gerð krafa um bætur fyrir þjáningar kr. 210.000, fyrir varanlegan miska kr. 1.200.000, fyrir tímabundna örorku kr. 200.000 og fyrir varanlega örorku vegna tvísýnis kr. 2.700.000, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. ágúst 1998 til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dráttar-vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1999. Auk þess er krafist skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar o.fl., alls kr. 46.846. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að við-bættum virðisaukaskatti á málskostnað auk vaxta af málskostnaði skv. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. og 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, að mati dóms-ins.

Af hálfu Gunnars Birkissonar, Hraunbæ 60, Reykjavík, er krafist skaða- og miskabóta samtals að fjárhæð kr. 250.640 með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. október 1998 til þess dags er liðinn er mánuður þar til honum er kynnt bótakrafan, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu Óskars Braga Sigþórssonar, Skólatúni 3, Bessastaðahreppi, er kraf-ist skaða- og miskabóta samtals að fjárhæð kr. 236.520 með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. október 1998 til þess dags er liðinn er mánuður þar til honum er kynnt bótakrafan, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu. Til vara að ákærða verði ekki gerð refsing vegna II. kafla ákærunnar, að bótakröfum verði vísað frá dómi og að réttargæslu- og málsvarnarlaun verði tildæmd.

Um I. lið ákæru.

Málsatvik og sönnunargögn.

Laugardaginn 1. ágúst 1998 kl. 4.14 kom brotapolí, Björn Stefán Björnsson, á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Hann var bólginn á vinstri augabráun og lít-ils háttar storkið blóð á andliti hans. Nokkuð ölvaður að sjá. Skýrði hann lög-reglu svo frá að hann hefði verið staddur fyrir utan Hlölla Báta við Lækjargötu um kl. 3.40 um nóttina er tveir menn hefðu veist að þeim þriðja og kvaðst hann hafa spurt þessa menn hvað gengi á. Þeir hafi þá snúið sér að honum með höggum og spörkum. Kvaðst hann hafa séð þann kost vænstan að flýja en menn-irnir hafi hangið í úlpu hans. Til þess að losna frá mönnunum hafi hann smeygt

sér úr úlpunni og hlaupið suður Lækjargötu. Hann hafi flúið inn í almenningsvagn SVR en annar áráðarmannanna hafi elt hann inn í vagninn og slegið hann í andlitið. Hafi vagnstjórinn skakkað leikinn og áráðarmaðurinn þá farið út úr vagninum og á brott. Björn kvaðst hafa farið með vagninum að Hlemmi og komið á lögreglustöðina í framhaldi af því. Hann kvaðst hafa verið með peningaveski í úlpuvasanum og í veskinu hafi einnig verið ökuskírteini hans, skotvopnaskírteini og um 15.000 krónur í reiðufé. Hann kvaðst ekki þekkja áráðarmennina en taldi þá vera á aldrinum 20-22 ára. Annar þeirra sé um 180 cm á hæð, skolhærður og stuttklipptur. Hinn um 185 cm á hæð, dökkhærður og stuttklipptur. Hann kvaðst ekki geta gefið nánari lýsingu á mönnunum, hvorki útlimi þeirra né fatnaði. Tveir lögreglumenn fóru ásamt Birni til leitar að mönnunum og því sem hann hafði tapað en leitin bar ekki árangur. Í framhaldi af því var hann fluttur til aðhlynningar á slysadeild.

Hinn 4. sama mánaðar kom Björn Stefán Björnsson aftur á skrifstofu lögreglu til að leggja fram kæru vegna framangreindrar líkamsárásar. Lýsti hann atvikum þannig að hann hefði staðið í biðröð við Hlölla Báta í Lækjargötu á fyrrgreindum tíma. Kvaðst hann hafa verið þriðji í röðinni og hafi maður fyrir framan hann verið að deila við þann sem var að fá afgreiðslu og var fremstur í röðinni og hafi maðurinn tekið í þennan mann. Kvaðst Björn Stefán hafa gengið á milli og lagt hönd sína á bringu áráðaraðilans. Þá hafi maðurinn snúið sér snöggst við og slegið hann tvisvar snöggst á vinstra augað. Kvað hann högginn hafa verið þung og blætt hafi úr auganu. Hann kvaðst hafa reynt að forða sér með því að hlaupa á brott en maðurinn hafi tekið í úlpu hans og haldið. Hann hafi náð að klæða sig úr úlpunni og komast á brott og upp í strætisvagn. Maðurinn hafi elt hann inn í vagninn og slegið hann þar þriðja höggið aftur á vinstra augað og hafi þetta högg verið mjög þungt. Hann kvað strætisvagnabílstjórann hafa komið honum til aðstoðar og tekið manninn og komið honum út úr vagninum. Hann kvaðst telja að annar maður hefði verið með áráðarmanninum en sá hefði ekki haft sig í frammi. Hann kvað stúlku hafa kallað „Óskar“ á eftir áráðarmanninum. Hann kvað áráðaraðilann hafa verið 19 til rúmlega 20 ára gamlan, með ljóst aflitað hár, stuttklipptan, um 188-190 cm á hæð. Hann kvaðst efast um að geta þekkt manninn aftur en nefndi tvö vitni að atvikinu, Önnu Rós Sigurðardóttur, starfsmann Hlölla Báta, og strætisvagnabílstjórann Brynjar Örn Einarsson. Hann kvað aðila sem vinni á Hlölla Bátum og heiti Svavar hafa heyrt Önnu Rós lýsa áráðarmanninum og hafi Svavar talið að um gæti verið að ræða Óskar sem hefði verið rauðhærður en væri nýlega búinn að láta aflita á sér hárið og væri að æfa í World Class og væri þar mikið.

Brotapoli, Björn Stefán, kom fyrir dóminn og lýsti atvikum á svipaðan hátt og hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa farið að skipta sér af tveimur mönnum sem voru tuskast fyrir framan hann í biðröð við Hlölla Báta. Áráðarmaðurinn hafi þá

kýlt hann tvö högg í andlitið og kveðst hann hafa hlaupið í burt. Hann kveðst lítið hafa séð vegna meiðslanna og hafa forðað sér inn í strætisvagn. Árásarmaðurinn hafi komið á eftir honum og veitt honum enn eitt þungt högg en bílstjóri þá tekið manninn. Hafi höggið, sem hann fékk í strætisvagninum, lent á sama stað og fyrri högginn. Hann kvað árásarmanninn hafa verið hærri en hann sjálfur, um 1,90 á hæð og sterkbyggðan. Hann kvaðst ekki búast við að hann myndi þekkja hann aftur. Hann lýsti meiðslum sínum og afleiðingum eins og greinir í læknisvottorði. Hann kvaðst hafa heyrt stúlku segja að stúlka hefði kallað á eftir árásarmanninum „Óskar“. Aðspurður um misræmi á lýsingu hans á árásarmanninum í frumskýrslu og þegar hann gefur skýrslu hjá lögreglu nokkrum dögum síðar kvaðst hann hafa verið í sjokki en þetta orðið skýrara fyrir sér þegar hann hugsaði betur um það en hann taldi að maðurinn hefði verið unglegur og unglega klæddur en nánari lýsingu gat hann ekki gefið á honum.

Vitnið Brynjar Örn Einarsson kvaðst við skýrslutöku hjá lögreglu hafa verið á næturvakt hjá SVR og hefði hann lagt strætisvagni í bifreiðastæði rétt neðan við Menntaskólann í Reykjavík í Lækjargötu um 10 mínútur fyrir fjögur aðfaranótt laugardags í ágústmánuði sl. Hann hafi þá séð ungan mann, dökkhærðan, koma hlaupandi alblóðugan og setjast inn í vagninn. Hann hafi verið móður og mäsandi eins og eftir talsverð hlaup. Ungur ljóshærður maður hafi komið hlaupandi á eftir hinum fyrri inn í vagninn og fyrirvaralaust rekið þeim sem sat hnefahögg í andlitið. Sá dökkhærði hafi verið gjörsamlega uppgefinn og ekki varið sig fyrir þeim ljóshærða. Hann kvaðst hafa staðið upp og gengið á milli og beðið þann ljóshærða vinsamlegast um að fara úr vagninum. Árásarmaðurinn hafi horft á hann dágóða stund og síðan gengið út úr vagninum. Brotabólinn hafi síðan farið með vagninum að Hlemmi og hafi gefið honum upplýsingar um vagnnúmerið ef hann myndi síðar hafa þörf á vitnum. Hann kvað brotabólann hafa verið með skurð á vinstri augabrún eftir hnefahöggið í vagninum. Hann lýsti árásarmanninum sem stuttklíptum og ljóshærðum, um 1,90 á hæð. Hann hefði samsvarað sér vel í vexti og vírst vera í góðu líkamlegu formi. Hann kvaðst telja að ljósi liturinn á hári mannsins væri ekki ekta. Hann kvaðst ekki vera viss um hvort hann myndi þekkja þennan ljóshærða mann aftur.

Vitnið Brynjar Örn kom fyrir dóminn og lýsti atvikum á sama veg og hann hafði gert hjá lögreglu hinn 22. september 1998. Hann taldi að maðurinn hefði verið með ljóst litað eða aflitad hár, grannur og í góðu formi.

Vitnið Anna Rós Sigurðardóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 22. september 1998. Hún kvaðst hafa verið að vinna í lúgu veitingastaðarins Hlöllla Bátar í Lækjargötu 2. Fremst í röðinni hafi verið tveir strákar sem hún kannast við. Næsti maður, sem hún kveðst hafa heyrt að var kallaður Óskar, hafi verið að rífast við þá. Brotabóli, Björn Stefán, hafi farið að miðla málum og hafi sett aðra höndina á milli Óskars og hinna tveggja. Óskar þessi, sem hafði vírst

reiður, hafi í fyrstu sagt eitthvað við Björn Stefán en slegið hann síðan fyrirvaralaust með hnefanum í andlitið. Hafi höggið komið á vinstri augabrún Björns Stefáns. Hún kvað Björn Stefán hafa farið aftur á bak við höggið og árásarmaðurinn á eftir honum. Hún kvaðst hafa misst sjónar á þeim smástund og fært sig að öðrum glugga til að sjá betur. Hafi hún þá séð Björn Stefán liggja í götunni og hann hafi verið að reyna að rísa á fætur. Árásarmaðurinn hafi staðið yfir honum og reynt að slá til hans með krepptum hnefa en ekki hitt þar sem einhver kona hafi hangið í jakka hans. Björn Stefán hafi risið á fætur og hlaupið fyrir hornið á Lækjargötu. Hinn hafi hlaupið á eftir honum með konuna í eftirdragi en hún hafi verið að reyna að halda aftur af honum. Kvað hún þessa konu hafa kallað nafnið Óskar og beðið hann um að hætta og láta hinn í friði. Hún lýsti árásarmanninum þannig að hann hefði verið í sinnepsgulum jakka og blárrí skyrtu, hávaxinn með stuttklippið ljóst hár og sterklegur.

Vitnið Anna Rós kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og sagðist henni þar frá á sama hátt og áður hjá lögreglu.

Ákærði, Óskar Svanur Barkarson, var yfirheyrður af lögreglu 19. október 1998. Hann kvaðst ekki kannast við að vera viðriðinn þessa líkamsárás. Hann kvað Bríeti Ósk Birgisdóttur, sambýliskonu sína, geta vottað að hann hefði verið heima umrætt kvöld. Hann kvað móður sína, Sigrúnu Óskarsdóttur, og systur, Guðrúnu Jacobsen, einnig geta vitnað um það að hann hafi verið heima þetta kvöld. Ákærði var aftur kvaddur til skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 1998 en óskaði þá eftir að sér yrði skipaður verjandi og þar sem Hilmar Ingimundarson hrl. var ekki viðlátinn var yfirheyrslu frestað. Hinn 18. desember 1998 var hann yfirheyrður á ný. Benti hann þá á tvö önnur vitni sem gætu borið um að hann hefði verið heima greinda nótt og nefndi þar til Þórhall Guðmundsson og Sigrúnu Áslaugu Guðmundsdóttur. Kvað hann þau hafa verið í heimsókn hjá honum þessa nótt og hafi þau ýmist verið í herbergi hans eða inni hjá móður hans. Hafi þau komið um miðnættið og verið hjá honum til fjögur eða fimm aðfaranótt 1. ágúst. Hafi þau spjallað og horft á sjónvarpið. Hann kvað Sigrúnu vera frænku sína og Þórhall féлага. Þegar honum var bent á að vitnið Bríet hafi verið erlendis umrædda helgi kvaðst hann hafa ruglast á helgum og haldið að hún hefði verið heima á þessum tíma. Hann kvaðst ekki hafa beðið hana um að gefa skýrslu um þetta mál heldur hafi hann einungis bent á hana sem hugsanlegt vitni að fjarvist sinni frá vettvangi en misminnt um tímann. Honum var kynnt framkomin bótakrafa Björns Stefáns og hafnaði hann henni.

Fyrir dóminum neitaði ákærði alfarið sök. Hann kvaðst hafa verið heima og benti á vini sína, móður og systur sem gætu vottað það. Hann bar, eins og áður hjá lögreglu, að Sigrún og Þórhallur hefðu verið hjá honum frá miðnætti til u.þ.b. fjögur til fimm um nóttina. Hann kvað Guðrúnu systur sína hafa komið um miðnætti og verið í einhvern tíma heima og að móðir hans hefði verið heima

alla nóttina. Hann kvaðst hafa verið með ólitað hár á þessum tíma, en hann er rauðhærður. Hann kvaðst aldrei hafa aflitað á sér hárið en fengið sér strípur ein-hvern tímann en ekki verið með þær á þessum tíma.

Hinn 19. október 1998 var vitnið Bríet Ósk Birgisdóttir yfirheyrð hjá lög-reglu. Hún kvaðst muna eftir því að Óskar hefði orðið veikur á föstudegi fyrir verslunarmannahelgi. Hún kvað þau tvö hafa verið heima um kvöldið og horft á myndbandsspólu og hafi þau ekkert farið út um kvöldið eða nóttina. Hún kvað þau hafa sofið saman um nóttina en ekki muna hvenær þau hafi farið að sofa og hún hafi ekki orðið vör við að hann færi í burtu um nóttina. Ítarlega aðspurð kvaðst hún muna þetta vegna þess að hann hafi verið veikur og það hafi verið verslunarmannahelgi.

Hinn 30. sama mánaðar var Bríet Ósk aftur yfirheyrð af lögreglu. Henni var kynnt að lögreglan hefði undir höndum gögn sem bentu til þess að hún hefði verið stödd erlendis á þeim tíma sem um ræðir. Kvaðst hún þá játa að hafa farið til Benidorm á Spáni hinn 27. júlí 1998 og flogið heim til Íslands hinn 10. ágúst. Hún kvaðst hafa skýrt rangt frá þar sem hún kvaðst vita að ákærði hefði verið heima þessa nótt og hún vildi ekki að honum væri stungið inn fyrir það sem hann hefði ekki gert. Hún kvaðst ekki hafa verið beðin um að skýra ósatt frá heldur hafi hún gert það sjálfviljug en hún kvað Óskar hafa sagt sér að hann hefði verið heima þessa nótt og kvaðst hún trúa honum.

Þegar vitnið Bríet Ósk kom fyrir dóminn kvaðst hún hafa ruglast á helgi. Kvaðst hafa haldið að þetta hefði verið fyrsta helgi í júlí en þá hefði ákærði verið veikur. Hún kvað ákærða ekki hafa verið með aflitað hár en einhvern tím-ann hefði hann verið með ljósar strípur. Hún kvað hann ekki eiga sinnepsgulan jakka.

Lögregla yfirheyrði vitnið Sigrúnu Óskarsdóttur, móður ákærða, 5. nóvember 1998. Hún kvað þetta kvöld vera sér minnisstætt vegna þess að verslunarmanna-helgi var framundan og að Guðrún dóttir hennar hefði komið með börnin í pössun þetta föstudagskvöld. Hún kvaðst ekki vera vön að passa fyrir Guðrúnu og m.a. vegna þess væri þetta henni minnisstætt. Hún kvað Óskar Svan hafa verið heima en Guðrún hefði skilið börnin eftir í hennar umsjá og farið í bæinn að skemmta sér upp úr miðnætti. Hún kvaðst vera næturvörður að atvinnu og þar af leiðandi vaka mikið á nóttunni heima og kvaðst hún hafa setið yfir sjónvarpi þessa aðfaranótt laugardags. Hún kvað Óskar hafa verið hjá sér alla nóttina á milli þess sem hann hafi farið yfir í herbergi sitt sem sé innar á sama stigagangi. Hún kvað Guðrúnu hafa komið heim á milli þrjú og hálfjögur og lagst til svefns hjá börnunum. Ákærði hafi þá verið hjá henni og einnig þegar hún hafi farið að sofa um hálfimm-leytið. Hún kvað hann ekki hafa verið drukkinn eða við drykkju þetta kvöld og þegar hún hafi vaknað um klukkan eitt hafi hann komið inn með stírnar í aug-unum eins og hann hafi sjálfur verið að vakna.

Þegar vitnið Sigrún kom fyrir dóminn bar hún á sömu lund. Hún lýsti því að húsið sem þau byggju í væri eins konar fjölskylduhús, þar byggju fleiri fjölskyldumeðlimir. Hún kvað dóttur sína Guðrúnu, sem ekki býr á sama stað, hafa komið og farið út á milli tólf og eitt um kvöldið og komið síðan aftur síðar um nóttina. Hún kvað vitnin Þórhall og Sigrúnu einnig hafa verið hjá þeim að horfa á sjónvarp. Taldi að þau hefðu verið þarna í einn til tvo tíma. Hún kvað ákærða hafa verið vakandi þegar hún fór að sofa um klukkan hálffimm og hafi hann þá verið inni í hennar íbúð, en herbergi hans sé innar á ganginum. Hún kvað það hafa verið óvenjulegt við þetta kvöld að Óskar var heima og að Guðrún fór út.

Vitnið Guðrún Ólöf Jacobsen, systir ákærða, var yfirheyrð af lögreglu 15. nóvember 1998. Hún kvaðst muna eftir að hafa föstudagskvöldið 31. júlí 1998 farið með dætur sínar til móður sinnar, Sigrúnar Óskarsdóttur, sem hafi ætlað að gæta þeirra. Hún kvað ákærða hafa verið heima og hafi hann ýmist verið inni hjá móður þeirra eða í sínu herbergi sem sé innar á stigaganginum. Hún kvaðst hafa farið þaðan um miðnætti á Skuggabarrinn og hafa komið heim til móður sinnar aftur um hálfjögurleytið um nóttina og hafi ákærði þá verið þar í íbúðinni. Móðir hennar hafi einnig verið vakandi og verið að horfa á sjónvarpið en ákærði hafi eitthvað verið að „væflast um“ og fengið sér núðlur og hafi hann enn verið í íbúðinni þegar hún sjálf hafi lagst til svefns. Hún kvaðst muna þetta vel þar sem það hafi verið verslunarmannahelgi og hún fari yfirleitt lítið út að skemmta sér. Hún kvaðst telja að ákærði hefði verið ódrukkinn þetta kvöld.

Fyrir dóminum skýrði vitnið Guðrún frá á sama veg og hjá lögreglu. Spurð um háralit ákærða taldi hún að hann hefði aflitað á sér hárið fyrir u.þ.b. tíu árum en aldrei verið með strípur og á sl. sumri hefði hann verið með ólitað hár. Hún kvað hann venjulega klæðast svörtu og hvítu og kvaðst ekki geta ímyndað sér hann í gulum jakka.

Vitnið Sigrún Áslaug Guðmundsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglu 30. desember 1998. Hún kvaðst muna eftir þessu kvöldi þar sem það hafi verið verslunarmannahelgi. Hún kvaðst hafa verið heima hjá Óskari aðfaranótt 1. ágúst 1998. Hún hafi komið þangað um miðnætti í fylgd með Þórhalli Guðmundssyni og verið hjá ákærða til um klukkan fimm. Hefðu þau fyrst verið hjá ákærða og síðan farið til móður hans sem búi innar á sama stigagangi. Þar hafi þau horft á myndbandsspólu og síðan farið aftur yfir til ákærða og verið þar þar til hún og Þórhallur hafi farið heim um fimmleytið þessa nótt. Hún kvað þau ekki hafa verið að neyta áfengis. Hún kvað móður ákærða hafa verið heima og systur hans Guðrúnu hafa komið þarna við en stansað stutt. Hún taldi að Guðrún hefði komið ein og fannst hún hafa verið að ná í eitthvað. Hún kvaðst vita til þess að Guðrún hefði komið aftur heim til móður ákærða um hálfjögurleytið um nóttina og hafi móðir hans sagt sér frá því daginn eftir. Hún kvaðst ekki hafa orðið

vör við dætur Guðrúnar. Hún kvað ákærða oft skjótast yfir til móður sinnar og geti hann vel hafa gert það meðan þau voru í herbergi hans.

Vitnið Sigrún Áslaug kom fyrir dóminn og skýrði frá á sama hátt og hún hafði áður gert hjá lögreglu. Hún upplýsti að hún og ákærði væru systkinabörn.

Vitnið Þórhallur Guðmundsson gaf skýrslu hjá lögreglu 5. janúar 1999. Hann kvaðst hafa farið í heimsókn til ákærða ásamt Sigrúnu Áslaugu, sem hann mundi ekki hvers dóttir var. Hann taldi að þau hefðu komið þangað á tímabilinu milli tíu og ellefu að kvöldi laugardagsins 1. ágúst 1998. Hann lýsti því að þau hefðu verið í íbúð móður ákærða í fyrstu og hafi ákærði verið þar. Þau hafi horft þar á sjónvarpið og á myndbandsspólu. Síðan hafi þau farið yfir í herbergi ákærða og eitthvað farið á milli híbýla ákærða og móður hans. Hann taldi að þau hefðu farið heim rúmlega fjögur aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst. Hann kvað ákærða ekki hafa farið neitt út á meðan þau voru þar og hann hafi ekki verið drukkinn. Hann taldi að systir ákærða, Guðrún, hefði verið á staðnum þegar þau komu og taldi að hún hefði farið út síðan og komið aftur seinna um nóttina og hann hefði þá séð hana hjá móður ákærða. Hann minntist þess að börn Guðrúnar hefðu verið á staðnum og taldi að hún hefði skilið þau eftir í umsjá móður ákærða.

Þegar vitnið Þórhallur kom fyrir dóminn kvaðst hann hafa ruglast á dögum þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu og gaf þá skýringu á því að yfirheyrslan hefði komið mjög skyndilega upp. Hann kvað þau Sigrúnu Áslaugu eitthvað hafa verið að „skjóta sig“ þá en þau væru ekki saman nú. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær þau hafi komið til ákærða en taldi að það hefði verið fyrir miðnætti og kvað þau hafa farið aftur seint um nóttina. Hann kvaðst muna eftir að móðir ákærða, ákærði og systir hans hafi verið þarna en taldi að systirin hefði skroppið frá. Hann kvaðst ekki vita hvenær eða hvort hún hefði komið aftur en hann taldi sig muna eftir að hafa séð börn hennar. Hann kvað ákærða ekki hafa verið með litað hár sl. sumar og hann kvaðst aldrei hafa séð hann í sinnepsgulum jakka.

Hinn 26. nóvember 1998 fór fram sakbending vegna þessa máls og mættu til sakbendingarinnar vitnin Brynjar Örn Einarsson og Anna Rós Sigurðardóttir. Vitnið Brynjar Örn kvaðst ekki þekkja neinn þeirra manna sem stillt var upp fyrir sakbendingu, en ákærði var á meðal þeirra. Vitnið Anna Rós kvaðst að lokinni skoðun ekki geta bent á neinn mannanna í röðinni með vissu en hún kvað aðila með spjald nr. 3 vera líkan þeim aðila sem hún hefði séð kvöldið sem atburðurinn átti sér stað. Kvað hún nef þeirra vera svipað en hún tók fram að hún væri ekki viss um að þetta væri rétti maðurinn. Ákærði bar spjald nr. 3 við sakbendinguna.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð vegna Björns Stefáns Björnssonar skráð af Hannesi Petersen, yfirlækni háls-, nef- og eyrnadeildar. Þar segir:

„Vottorð þetta er gert að beiðni rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík, Óskars Þórs Sigurðssonar lögreglufulltrúa vegna máls nr. 010-1998-21753.

Þann 1. ágúst 1998 lenti Björn í átökum í miðbæ Reykjavíkur þar sem hann fékk högg á andlitið vinstra megin, a.m.k. tvísva sinnum kýldur og einu sinni að sparkað hafði verið í andlitið. Björn sagði að hann hafi ekki rotast við þessa áverka en hann kvartaði um óþægindi í vinstri hluta andlits, þá mest yfir gagnauga vinstra megin og kjálka vinstra megin. Að auki fannst sjúklingi hann sjá tvöfalt.

Leitaði fyrst á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur að nóttu til 1.8.98. Við skoðun þá var eftirfarandi skráð: Vinstra augnlok bólgið. Augnhreyfingar eðlilegar, sjáöldur svara ljósáreiti beint og óbeint. Sjónsvið eðlilegt. Ekkert tvísýni. Húðskyn undir auga eðlilegt en dofi var við nefrót vinstra megin. Efra augnlok bólgið. Storkið blóð sást í báðum nösnum en ekki greindist septum hematoma.

Ástand sjúklings vakti grun um brot eða rof á beinumgjörð augntóftar og var sjúklingur þess vegna sendur í tölvusneiðmynd af andlitsbeinum sem sýndi brot á augntóftargólfi vinstra megin. Fengin var skoðun augnlækni sem taldi augnhreyfingar góðar og var því frekari aðgerð frestað um viku til rannsóknar á hvort ástand batnaði. Ekki reyndist svo vera og var sjúklingur enn með tvísýni þá aðallega þegar hann leit upp og niður. Var því framkvæmd aðgerð 10.8.98 þar sem gerð var endurbygging á augntóftargólfi vinstra megin með silicon-plötu. Aðgerðin gekk í alla staði vel og án complicationa og útskrifaðist sjúklingur heim daginn eftir aðgerð.

Sjúklingi var ráðlagt að halda sig frá vinnu í a.m.k. hálfan mánuð eftir aðgerð. Þó svo að tvísýni hafi verið til staðar strax eftir aðgerð var það talið eðlilegt þar eð enn var bólga í augntóft og augnlokum. Sjúklingur var hvattur til augnleikfimi, þ.e. að horfa upp og niður og reyna á augnkúluna af fremsta megni. Endurkoma var ráðlögð 1½ mánuði eftir aðgerð.

Áverki sjúklings verður að teljast alvarlegur, högg á andlit nálægt augum og heila eru ætíð varasöm jafnvel lífshættuleg og geta haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar, með verulegum starfstruflunum. Tvísýni er bagalegt, bæði frá félagslegu og starfslegu sjónarhorni. Tvísýni sjúklings ætti að ganga yfir á 4-6 vikum, en ef ekki, gæti þurft að leiðrétta tvísýni jafnvel með endurtekinni aðgerð eða öðrum aðgerðum. Endurkoma til mats er ráðlögð.

Vottorð þetta er byggt á sjúkragögnum frá slysadeild og háls-, nef- og eyrna-deild Sjúkrahúss Reykjavíkur.“

Framangreint vottorð er dagsett 22. september 1998. Hinn 27. október 1998 er annað áverkavottorð gefið út af Guðmundi Viggóssyni lækni, sérfræðingi í augnlækningum, augndeild Landspítalans vegna meiðsla Björns Stefáns Björns-sonar. Í niðurstöðu þess segir eftirfarandi: „Eftirstöðvar brots á augntóttarbotni vinstra megin. Veldur vægri hreyfingarhindrun á vinstra auga. Ekki er öruggt að sjúklingur nái nokkurn tímann alveg eðlilegri hreyfingu á augað. Telja má þó víst að tvísýni háí honum lítið undir flestum kringumstæðum. Þá er um nokk-

urt útlitslýti að ræða, innstætt auga og minni augnglufa vinstra megin. Ekki tel ég fýsilegt að reyna að laga þetta frekar með aðgerð. Það er því ljóst, að sjúklingur hefur hlotið nokkurt varanlegt útlitslýti, sem er þeim mun bagalegra sem hann er þetta ungur.“

Útlitslýtum er nánar lýst þannig í vottorðinu að vinstra augað liggi innar í augntóttinni en augað hægra megin. Þessu fylgi væg lokbrá þar sem vinstra efra augnlok sé 1-2 mm síðara en það hægra, þ.e. sjúklingur opni vinstra augað ekki jafn vel og það hægra. Þá er einnig nefndur dálítil dofi í vinstri kinn vegna löskunar á skyntaug í augntóttarbotni. Í vottorðinu kemur einnig fram að Björn Stefán hafi hlotið tvísýni og brot á augntóttarbotni vinstra megin sem gert hafi verið við á hefðbundinn hátt á háls-, nef- og eyrnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Niðurstaða.

Atburður sá sem ákært er fyrir átti sér stað um kl. 4.00 aðfaranótt laugardagsins 1. ágúst 1998, var þetta verslunarmannahelgi. Fjögur vitni, Sigrún, Guðrún, Sigrún Áslaug og Þórhallur, hafa borið hjá lögreglu og fyrir dómi að ákærði hafi verið heima hjá sér þessa nótt og að hann hafi ekki verið við drykkju. Tvö vitnanna eru úr nánustu fjölskyldu hans, móðir og systir og eitt er tvímenningur við hann. Framburður þessara vitna hefur verið nokkuð stöðugur og í samræmi, dálítil frávik þykja ekki þess eðlis að framburður neins þeirra þyki fyrir þær sakir ótrúverðugur. Framburður vitnisins Bríetar Óskar er ómarktækur. Við mat á framburði er hins vegar haft í huga að um nán ættmenni er að ræða. Sjónarvottar að árásinni, vitnin Anna Rós og Brynjar Örn, þekktu ákærða ekki sem árásarmanninn við sakbendingu sem fram fór tæpum fjórum mánuðum síðar, þótt Önnu Rós þætti hann svipa eitthvað til árásarmannsins. Af vitnum og brotþola er árásarmanninum lýst sem 18 til 22 ára, ákærði er fæddur árið 1971 og var 27 ára á þessum tíma. Honum er lýst sem ljóshærðum, líklega með litað eða aflitað hár. Ákærði er rauðhærður og vitni bera að hann hafi á þessum tíma ekki verið með litað eða aflitað hár. Lýsing á stærð og vaxtarlagi gæti átt við ákærða. Vitnið Anna Rós sagði árásarmanninn hafa verið í sinnepsgulum jakka og vitnið Brynjar Örn kvað hann hafa verið unglega klæddan, þau vitni sem spurð voru könnuðust ekki við að ákærði klæddist gulum jakka. Það sem helst tengir ákærða við atburðinn er að vitnið Anna Rós heyrði árásarmanninn kallaðan Óskar og að maður sem ekki var sjónarvottur taldi líklegt að þessi Óskar væri aðili „sem hefði verið rauðhærður en væri nýlega búinn að láta aflita á sér hárið og væri að æfa í World Class“. Ákærði er fyrst yfirheyrdur 19. október 1998, í rannsóknargögnum kemur ekkert fram um háralit eða tengsl ákærða við World Class og ekki kemur fram að rætt hafi verið við manninn Svavar sem gaf framangreinda lýsingu. Samkvæmt mynd af sakbendingu hinn 27. nóvember 1998 virðist ákærði vera með sinn rétta háralit þar. Margir menn bera nafnið Óskar

og þykir ekki verða á þessu byggt til sakfellingar. Ákærði hefur einarðlega neitað sök. Ósannað þykir að ákærði hafi átt hlut að líkamsárás á Björn Stefán Björnsson aðfaranótt 1. ágúst 1998 og skal hann vera sýkn af háttsemi þeirri sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Bótakröfu Björns Stefáns Björnssonar er vísað frá dómi.

Um II. lið ákæru.

Málsatvik og sönnunargögn.

Aðfaranótt sunnudagsins 4. október kl. 3.44 var lögregla kvödd að biðskýli SVR í Lækjargötu vegna slagsmála. Þegar lögreglan kom á vettvang hafði stór hópur safnast saman og voru fót á víð og dreif um svæðið. Daginn eftir komu Gunnar Birkisson og Óskar Bragi Sigþórsson til lögreglu og kærðu ákærða fyrir líkamsárás í tilgreint sinn.

Gunnar Birkisson skýrði lögreglu svo frá að hann hefði verið að skemmta sér ásamt eiginkonu sinni og vinum aðfaranótt sunnudagsins 4. október á Fógetanum við Aðalstræti í Reykjavík og hefði verið á leið þaðan eftir Lækjargötu þegar árásin átti sér stað. Hann kvaðst hafa verið með Óskari Braga Sigþórssyni, konu hans Ingunni Ástu Guðmundsdóttur og tveimur systrum hennar Hildi Björk og Selmu Eddu Guðmundsdætrum og konu sinni Jóhönnu B. Þórhallsdóttur. Hann kvað þau hafa verið við biðstöð SVR í Lækjargötu og kvaðst hann hafa gengið við hlið Óskars Braga er þeir hafi mætt ljóshærðum manni, þreknum og taldi hann að Óskar Bragi og maðurinn, sem er ákærði, hefðu rekist lítillega saman. Kvað hann Óskar Braga hafa beðist afsökunar og þeir hafi gengið áfram en kona hans, Jóhanna, hafi verið komin lengra á undan. Kvað hann skyndilega hafa verið rífið í sig. Hafi hann snúið sér við og þá séð að þetta var maðurinn sem þeir höfðu verið að mæta, ákærði. Hafi ákærði spurt hann hvort hann væri „eitthvað að rífa kjaft“ og kvaðst hann hafa svarað því neitandi en ákærði hafi þegar kýlt hann eða sparkað í hann og hafi hann rotast við höggið. Kvaðst hann hafa rankað við sér upp við vegg þarna nálægt. Hann kvaðst hafa verið fluttur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í lögreglu-skýrslunni er því lýst að Gunnar sé með sár á vinstri kinn og gagnauga og hruflaður og marinn á enni og hafi verið saumaður á vinstra gagnauga en þar hafi verið tveir skurðir. Kvaðst Gunnar aldrei hafa séð umræddan árásarmann áður.

Óskar Bragi Sigþórsson skýrði lögreglu svo frá að hann hafi verið staddur á Lækjartorgi ásamt nokkrum kunningjum sínum um kl. 3.30 hinn 4. október sl. Þar hafi ákærði rekist utan í hann og Gunnar Birkisson. Kvaðst hann hafa haft orð á þessu við ákærða en síðan hafi þeir gengið áfram. Hafi ákærði þá ráðist aftan að honum og skellt honum í jörðina. Hann hafi setið klofvega yfir honum og skallað hvað eftir annað í andlitið. Kvaðst hann strax hafa vankast við árás-

ina og því lítið geta skýrt frá framhaldinu en hann taldi að Bríet Ósk Birgisdóttir, sem var með ákærða, hefði einnig sparkað í síðu hans. Kvað hann lögregluna hafa komið á staðinn og tekið niður nöfn aðila og flutt hann á slysadeild til skoðunar.

Brotapoli Gunnar Birkisson kom fyrir dóminn og skýrði frá málsatvikum á sama hátt og hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa gengið götumegin við Óskar Braga og ekki rekist utan í ákærða. Hann kvaðst hafa rotast og rankað við sér liggjandi upp við vegg og hafi ákærði þá setið ofan á félaga hans, Óskari Braga, og verið að kýla hann. Hann kvað sex spor hafa verið saumuð í enni sér. Aðspurður kvað hann hjúkrunarkonu hafa hreinsað og saumað sig en hann hafi ekki talað við lækni á slysadeildinni.

Brotapoli Óskar Bragi kom einnig fyrir dóminn. Hann kvað þau hafa verið að ganga eftir Lækjargötu í leit að leigubifreið þegar atvikið átti sér stað. Hann kvaðst hafa rekist utan í mann, sem þau mættu, og kvaðst hafa sagt eitthvað sem svo „það munar ekki um það“. Næsta sem hann viti er að árásarmaðurinn stekkur á Gunnar sem rotast og stúlkunni, sem hafi verið með honum, hafi lent saman við vitnið Hildi. Hann kvað ákærða hafa lamið höfði sínu á hné sér og síðan haldið honum með kyrkingartaki eða haldið hendinni að hálsi hans. Hafi Ingunn, kona hans, þá kallað að þau ættu fjölskyldu eða eitthvað í þá veru og þá hafi verið eins og ákærði „færi úr gír“. Hann hafi staðið upp og allt hafi verið búið. Hann kvað þetta atvik hafa komið sér illa. Hann kvaðst vera flugmaður og hafa verið að fara til útlanda daginn eftir en því hafi seinkað um þrjá mánuði. Hann kvaðst hafa verið illa bólginn á augum og talinn rifbeinsbrotinn. Hann kvað ákærða ekkert hafa sagt á móti við athugasemd hans þegar þeir rákust saman. Hann kvað ákærða hafa tekið einhverja stelpu, sem hafi gengið þarna fram hjá, og skallað hana þannig að hún lá í jörðinni. Hún hafi hins vegar forðað sér af vettvangi en hann taldi að lögreglu hefði tekist að hafa upp á henni.

Vitnið Jóhanna Bergmann Þórhallsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglu sama dag og brotapolar kærðu atvikið. Hún kvaðst hafa verið að skemmta sér með vinum sínum, þeim Hildi, Ingunni, Selmu, Óskari Braga og eiginmanni sínum á Fógetanum í Aðalstræti og hafi þau verið gangandi á leið þaðan þegar atvikið varð. Hún kvaðst hafa verið aðeins á undan hinum og hafi þá heyrt Gunnar, mann sinn, kalla á sig. Hún hafi litið við og séð að maður kýldi Gunnar niður og sparkaði síðan í hann einu sinni þar sem hann lá í götunni. Hún kvaðst hafa hlaupið af stað í átt að manni sínum og er hún kom þarna að hafi umræddur árásaraðili tekið kunningjakonu hennar, Hildi Guðmundsdóttur, og rifið í hana og kastað henni til. Hafi Hildur misst annan skóinn og hvítan pels sem hún var í. Hún kvað ókunna stúlku, sem hafi gengið þarna fram hjá, einnig hafa orðið fyrir árás af hálfu sama manns. Hafi hann rifið hana að sér og skallað hana með enninu í andlitið þannig að hún hafi hnigið niður. Hún kvað Gunnar hafa legið

þarna slasaðan og hafi árásarmaðurinn verið kominn úr að ofan. Hún kvaðst þá hafa hringt úr GSM-síma, sem hún var með, í lögregluna. Árásaraðilinn hafi ráðist aftur á Óskar Braga og verið ofan á honum þegar lögreglan kom á staðinn en þá hætt slagsmálum.

Vitnið Jóhanna kom fyrir dóminn og skýrði þar frá atvikum á sama veg og hún lýsti hjá lögreglu. Hún kvað Gunnar hafa verið með tvo stóra marbletti og tvo sauma, sem hún hafi tekið úr í Amsterdam. Hún kvað einnig hafa séð mikið á Óskari Braga.

Vitnið Selma Edda Guðmundsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglunni 18. nóvember 1998. Hún kvaðst hafa verið í fylgd með systrum sínum, Ingunni og Hildi, Gunnari Birkissyni, Óskari Braga Sigþórssyni og Jóhönnu konu Gunnars í október sl. í Lækjargötu. Hún kvað þetta hafa verið um helgi en kvaðst ekki muna dagsetninguna. Hún kvað systur sínar hafa gengið á undan ásamt Jóhönnu. Hún hafi gengið á eftir þeim og Gunnar og Óskar hafi verið á eftir sér. Hún kvaðst hafa tekið eftir pari, sem hafi komið gangandi á móti þeim, og hafi sér virst þau vera að rífast. Hún kvað þau hafa gengið hratt fram hjá og síðan kvaðst hún hafa heyrt Óskar segja eitthvað á þá leið hvort parið væri að flýta sér. Hún kvað parið hafa komið hlaupandi á eftir þeim nokkru síðar er þau voru á móts við Arnarhól og hafi stúlkan sparkað í fætur hennar nokkrum sinnum. Hún kvaðst ekki hafa svarað fyrir sig og ekki vita hvers vegna stúlkan réðst að henni, stúlkan hafi blótað mikið og spurt hvað þau væru að gera við manninn hennar. Hún kvaðst hafa séð manninn, sem var með stúlkunni, í átökum við Óskar Braga. Hafi maðurinn verið ber að ofan og skyrt hans legið í götunni. Hann hafi setið klotvega á Óskari Braga og þrýst með framhandlegg framan á háls Óskars. Hún kvaðst einnig hafa séð Hildi systur sína sitja klotvega ofan á stúlkunni og halda henni en stúlkan hafi blótað og barist um. Hún kvað árásarmaninn einnig hafa skallað ókunna stúlku, sem hafi staðið við hliðina á henni, og hafi hún hnigið niður og hún hafi séð að það blæddi úr henni eftir höggið. Hún kvað lögregluna hafa komið stuttu síðar. Hún kvað Gunnar hafa verið blóðugan í andliti og Óskar með glóðarauga á báðum augum og bólgin á báðum kinnum eftir átökin.

Vitnið Selma kom fyrir dóminn og staðfesti framangreindan framburð sinn hjá lögreglu.

Hinn 23. nóvember 1998 var tekin skýrsla af Hildi Björk Guðmundsdóttur hjá lögreglu. Hún kvað árásina hafa átt sér stað á grasi gegnt Arnarhóli þar sem Esso-bensínstöðin hafi verið áður en hún flutti að Geirsgötu. Hún kvaðst hafa verið í miðbænum með systrum sínum Ingunni og Selmu Eddu og þeim Gunnari, Óskari Braga og Jóhönnu. Þau hafi gengið eftir Lækjargötu í átt að Geirsgötu og hafi hún verið aðeins á undan hinum ásamt Jóhönnu og Ingunni. Hafi þau verið að leita að leigubíl. Þau hafi ekki vitað fyrr til en ákærði hafi komið aftan að hópnum og ráðist á Gunnar. Hún kvaðst ekki hafa séð glögglega hvað

gerðist en Gunnar hafi legið eftir árásina á grasinu og ekki staðið upp meira. Hún hafði síðan séð ákærða ráðast á Óskar Braga. Hafi hann tekið um höfuð Óskars Braga og skellt því niður á hné sér. Stúlkurnar hafi farið að gráta og Jóhanna hafi reynt að ná sambandi við Neyðarlínuna. Hún kvaðst hafa séð ákærða liggja klovvega yfir Óskari Braga þar sem hann lá á bakinu í grasinu. Hafi ákærði haldið báðum höndum um háls Óskars Braga og hert að en Óskar Bragi hafi verið vankaður. Hún kvaðst þá hafa reynt að ná ákærða af Óskari Braga en hann hafi staðið upp og hrint henni í jörðina. Þá hafi komið stúlka, sem hafi virst vera kærasta ákærða, og sparkað í fætur hennar og kvaðst hún hafa verið með marbletti eftir þessi spörk. Stúlkan hafi látið öllum illum látum, sparkað í allt og alla. Hún kvaðst hafa náð taki á stúlkunni og náð að snúa hana niður í jörðina og halda henni þar. Síðan hafi verið eins og ákærði vaknaði úr einhvers konar trans, sem hann virtist vera í á meðan á þessu stóð, og hafði hann farið af Óskari Braga og hallað sér upp að lágum vegg sem þarna var. Óskar Bragi hafi verið með glóðarauga á báðum augum og mjög bólgin í andliti á eftir og Gunnar hafi verið með skurð yfir annarri hvorri augabrún sem blætt hafi úr. Hún kvað bol og kápu, sem hún hafi verið í, hafa rifnað. Hún kvað árásina hafa verið fyrirvaralaus og kvaðst ekki gera sér grein fyrir ástæðu hennar.

Vitnið Hildur Björk gaf skýrslu fyrir dóminum og er hún í samræmi við það sem hún skýrði lögreglu frá og rakið hefur verið.

Sama dag var tekin skýrsla af vitninu Ingunni Ástu Guðmundsdóttur. Hún mundi eftir atvikinu og taldi að hún, Jóhanna og Hildur hafi gengið á undan þeim Gunnari, Óskari Braga og Selmu. Þau hafi verið að ganga eftir Lækjargötunni gegnt Arnarhóli en höfðu verið að skemmta sér í miðbænum, þetta hafi verið aðfaranótt 4. október eftir lokun skemmtistaða. Hún kvaðst muna eftir því að þau mættu pari en hún kveðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli. Næst þegar hún sneri sér við hafi hún séð Gunnar liggja á jörðinni, blóðugan í andliti og manninn, sem þau höfðu mætt skömmu áður, halda báðum höndum um höfuð Óskars og reka það niður á hné sér. Hún kvað þetta hafa gerst mjög hratt en Óskar Bragi hafi risið upp aftur og farið í manninn. Þeir hafi slegist en þessi maður hafi náð Óskari Braga undir sig og setið þannig að annað hnéð og hendur voru við háls Óskars Braga. Hafi maðurinn þrýst hnénu að hálsi Óskars og einnig hert að með báðum höndum. Hún kvaðst hafa hlaupið til og séð að Óskar var orðinn blár í framan og sömuleiðis varinnar. Hún kvaðst hafa sagt við manninn að þau Óskar ættu tvö lítill börn og beðið hann um að láta Óskar vera. Maðurinn hafi þá brugðist við á einkennilegan hátt og hafi verið eins og hann vaknaði úr einhverju annarlegu ástandi og hafi hann kippt að sér höndum. Hann hafi þá verið ber að ofan en hún hafi ekki séð hann fara úr bolnum. Kvað hún lögregluna hafa komið fljótlega. Hún kvað Gunnar hafa verið illa farinn og ekki risið upp fyrr en lögreglan kom. Hún kvað bæði Óskar og Gunnar hafa verið

með áverka í andliti eftir árásina. Hefði Óskar verið með glóðarauga á báðum augum og mikið bólginns í andliti og Gunnar verið með skurð á enni sem blætt hafi úr.

Framburður vitnisins Ingunnar Ágústu fyrir dóminum var í samræmi við það sem hún skýrði lögreglu frá.

Hinn 28. desember 1998 var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu vegna þessa atburðar. Hann kvaðst kannast við þetta mál og að hafa verið á vettvangi ásamt kærustu sinni Bríeti Ósk Birgisdóttur. Hann kvað þau eitthvað hafa verið að rífast þegar hópur fólks hafi gengið fram hjá þeim. Hann kvað stráka í hópnum hafa hreytt einhverjum óhróðri að honum og upp úr því hafi orðið átök þeirra á milli. Hann kvaðst ekki muna hvað það var sem þeir sögðu og hann kvaðst hafa verið mjög ólvaður og muna atburðarásina óljóst af þeim sökum. Hann kvaðst muna að þeir hafi verið tveir á honum og kastast til á grasfleti, sem þarna er, en þetta hafi átt sér stað gegnt Arnarhóli. Taldi hann að mennirnir hefðu síðan róað sig niður og þeir verið byrjaðir að tala saman. Hafi hann þá séð að Bríet lá undir einhverjum kvenmanni sem hafði tak á henni. Hafi hann beðið konuna um að sleppa Bríeti en hún hafi ekki orðið við því fyrr en lögreglan kom á vettvang. Nánar lýsti hann átökunum við þessa tvo menn á þann veg að hann hafi tuskast við þá og hafi skyrtan rifnað utan af honum í átökunum. Hann kvaðst ekki muna hvor þeirra hafi rífið skyrtuna utan af honum en eftir það hafi hann verið ber að ofan. Hann kvað mennina hafa gefið honum einhver högg á hægri vanga og hafi hann svarað í sömu mynt. Hann kvaðst ekki muna hvar hann kýldi þá. Það hafi verið mikil læti þarna og stúlkurnar, sem hafi verið með þessum mönnum, hafi hangið utan í honum. Hann kvaðst hafa verið blár og marinn á hægri vanga og með sprungna vör eftir átökin en hann kvaðst ekki hafa leitað á slysadeild vegna áverkanna. Hann lagði áherslu á að átökin hefðu byrjað með rifrildi og ýtingum þeirra á milli. Framburðarskýrslur vitnanna Gunnars og Óskars Braga hjá lögreglu voru bornar undir ákærða og kvað hann frásögn þeirra og atvikalýsingu vera ranga að öðru leyti en því að hann kvað vel geta verið að hann hefði setið ofan á Óskari Braga og hann kvaðst ekki kannast við að hafa skallað einhverja stúlku eins og fram komi hjá vitnum. Hann hafnaði því að hafa þrýst með einhverjum hætti á háls Óskars Braga og að hafa skallað hann. Hann kvaðst hins vegar ráma í að einhver stúlka hefði komið að honum og beðið hann um að láta manninn, sem hann lá ofan á, í friði og kvaðst hann hafa orðið við þeirri beiðni. Að öðru leyti kvað hann frásögn vitna af átökum sínum við Óskar Braga vera ranga. Honum voru kynntar bótakröfur Gunnars Birkissonar og Óskars Braga Sigþórssonar. Hafnaði hann þeim báðum og taldi þær báðar of háar og vera vanreifaðar.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins. Þar kvaðst hann kannast við þessi átök en hann kvað þau hafa verið tvö á móti mörgum og hafi

hópurinn, sem þau mættu, ekki síður átt sök á átökunum. Hann mótmælti því að hafa kýlt og sparkað í brotaþola. Hann skýrði frá eins og hjá lögreglu og kvaðst hafa verið að rifast við konu sína Bríeti og fólkið, sem hafi átt leið þarna hjá, hafi farið að skipta sér af því og áður en hann vissi af hafi allt verið komið í slagsmál. Hafi verið mikill æsingur og öngþveiti. Hann kannaðist ekki við að þeir nafnarnir hefðu rekist saman. Hann kvaðst hafa verið drukinn og hafi þetta fólk einnig verið drukkið og allir mjög æstir. Hann kvaðst ekki hafa þekkt þetta fólk og hann kvaðst ekki vita hver hafi átt upptökin að átökunum sem hafi byrjað sem venjuleg slagsmál. Hann kannaðist við að hafa setið klofvega yfir einum manningum en kannaðist ekki við að hafa þrýst að hálsi hans og ekki við að hafa slegið höfði hans á hné sér. Hann kvaðst sjálfur hafa verið illa marinn eftir átökin. Hann kvað stúlku hafa beðið sig að láta manninn í friði sem hann sat á og hafi hann gert það. Hann kvaðst hafa beðist afsökunar á eftir og hafi þau setið þarna saman í grasinu þegar lögreglan kom. Hann kvaðst ekki hafa séð meiðsli á hinum en sjálfur hafi hann verið með blóðnasir, marinn, með sprungna vör og glóðarauga en ekki hafa farið á slysadeild.

Vitnið Bríet Ósk Birgisdóttir var yfirheyrð af lögreglu 30. desember sl. Hún kvaðst muna eftir þessu atviki. Hún hefði verið á ferð í miðbænum ásamt kærasta sínum, Óskari Svani Barkarsyni. Hún kvaðst hafa verið drukkin og kvað þau hafa verið að rifast. Þegar þau hafi gengið í Lækjargötu gegnt Arnarhóli hafi þau mætt hópi fólks og hafi einhverjir í hópnum hreytt í þau ónotum en hún kvaðst ekki muna hvað hafi verið sagt, þau hefðu farið að rifast við þetta fólk og hafi slagsmál brotist út á milli ákærða og tveggja stráka úr hópnum. Hún kvaðst hafa hlaupið að þeim í þeim tilgangi að stöðva slagsmálin en þá hafi einhver stúlka rífið í fót hennar og hafi hún brugðist við með því að ýta stúlkunni frá sér með annarri hendi. Þessi stúlka hafi þá felld hana í grasblett, sem þarna hafi verið, og sest klofvega yfir hana. Hafi stúlkan haldið í hár hennar og reigt höfuð hennar aftur en hún hafi legið á bakinu með stúlkuna klofvega yfir sér. Hafi stúlkan haldið henni svona niðri í einhvern tíma og löðrunað hana öðru hverju. Hún kvaðst hafa fengið áverka, bólgnað við hársvörðinn og fengið mar en ekki hafa farið á slysadeild vegna þessa. Hún kvaðst ekki minnst þess að ákærði og Óskar Bragi hefðu rekist saman en hún kvað þessa stráka hafa hreytt ónotum í þau.

Þegar vitnið Bríet kom fyrir dóminn skýrði hún frá líkt og hún hafði gert hjá lögreglu.

Óskar Bragi Sigþórsson fór á slysavarðstofu í framhaldi af atburðinum. Kom hann þangað kl. 4.17 hinn 4. október 1998. Í niðurstöðu áverkavottorðsins segir:

„Sjúklingur kemur um nótt þ. 4/10 1998 og lýsir líkamsárás, sem hann varð fyrir og að hann hafi fengið högg í andlit og vinstri síðu. Ekki komu fram bein-áverkar á röntgenmyndum, sem teknar voru í seinni komunni þann sama sólar-

hring, en hann var talinn vera með mar og yfirborðsáverka í andliti, mar á vinstri síðu og líklega með brot í tveimur rifjum vinstra megin í brjóstakassa.

Var afgreiddur með bólgueyðandi lyf og verkjalyf og fékk endurkomutíma, en ekki er að sjá, að hann hafi komið í fleiri skipti en þessi tvö, sem hér er frá greint.“

Á sama tíma kom á slysadeild Gunnar Birkisson og í niðurstöðu áverkavottorðs hans segir:

„Gunnar er 36 ára gamall karlmaður sem lendir í ryskingum í miðbæ Reykjavíkur. Var sleginn í höfuðið og fellur síðan í götuna. Fær sár í andlit og hruf á hæ. úlnið. Það er enginn grunur um áverka á beinum. Sárin eru hreinsuð upp. Reikna má með að sár hans hafi gróðið á 1-2 vikum og ekki líklegt að þau valdi neinum framtíðar útlitslýtum eða óþægindum.“

Niðurstaða.

Ákærði játar að hafa átt aðild að átökum við brotapolu aðfaranótt sunnudagsins 4. október 1998 í Lækjargötu gegnt Arnarhóli, en heldur því fram að um slagsmál hafi verið að ræða sem brotapolar eigi sjálfir sök á. Upplýst þykir að ákærði og kærasta hans, Bríet Ósk, annars vegar og hins vegar brotapolarnir Gunnar og Óskar Bragi og vitnin Jóhanna, Selma Edda, Hildur Björk og Ingunn Ásta hafi mæst í Lækjargötu gegnt Arnarhóli umrædda nótt. Ákærði og Bríet Ósk voru, samkvæmt því sem þau bera sjálf, að rífast og er þetta stutt með framburði Selmu Eddu. Óskar Bragi ber að þeir ákærði hafi rekist saman þegar þeir mættust og með framburði hans og Gunnars, ákærða og Bríetar Óskar þykir upplýst að Óskar Bragi sagði eitthvað við ákærða um leið. Gunnar telur að hann hafi afsakað sig, sjálfur kveðst hann hafa sagt „það munar ekki um það“ eða eitthvað líkt og Selma Edda kveðst hafa heyrt Óskar Braga segja eitthvað á þá leið hvort parið væri að flýta sér. Ákærði og Bríet Ósk segja þá hafa hreytt í þau ónotum og verið að skipta sér af rífrildi þeirra, hvorugt þeirra kvaðst þó muna hvað þeir hefðu sagt. Brotapolarnir Gunnar og Óskar Bragi bera báðir að ákærði hafi ráðist fyrirvaralaust aftan að þeim. Gunnar segir ákærða hafa skyndilega rífið í sig, spurt „hvort hann væri eitthvað að rífa kjaft“ og síðan kýlt sig eða sparkað í sig þannig að hann hafi rotast. Óskar Bragi sagði hjá lögreglu að ákærði hefði skallað sig í andlitið og hann hefði vankast, en fyrir dómi kvað hann ákærða hafa lamið höfði sínu við hné sér og síðan haldið sér með kyrkingartaki. Vitnið Jóhanna kvaðst hafa litið við er hún heyrði Gunnar kalla til sín og séð hann um leið kýldan niður og síðan sparkað í hann, hafi árásaraðilinn einnig ráðist á Óskar Braga. Vitnið Selma Edda ber að hún hafi séð ákærða þrýsta framhandlegg framan á háls Óskars Braga þar sem hann sat klofvega á honum. Vitnið Hildur Björk kvaðst hafa séð Gunnar liggja í grasinu og séð ákærða skella höfði Óskars Braga á hné sér og síðan halda báðum höndum um

háls hans og herða að. Vitnið Ingunn Ásta kveður Gunnar hafa legið í jörðinni þegar hún sneri sér við, hún kveðst hafa séð ákærða halda um höfuð Óskars Braga og reka það í hné sér og síðar sitja á Óskari Braga með annað hnéð og hendur við háls hans og þrýsta að svo hann hafi verið farinn að blána. Með vitnaframburði þeim sem hér hefur verið rakinn þykir sannað að ákærði hafi ráðist að brotapolunum Gunnari og Óskari Braga og veitt þeim þá áverka sem í ákæru greinir. Þykir þessi árás hafa verið án tilefnis og fólkskuleg, en ósönnuð er sú fullyrðing ákærða að fólkið hafi áreitt hann og vitnið Bríeti Ósk. Er ákærði fundinn sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í II. lið ákæru og þykir brotið vera þar rétt heimfært til refsíákvæðis.

Bótakröfur brotþola, Gunnars Birkissonar og Óskars Braga Sigþórssonar, þykja ekki vera nægilega reifaðar né studdar gögnum á fullnægjandi hátt þannig að á þær verði lagður dómur og er þeim því vísað frá dómi.

Refsíákvörðun.

Ákærði er fæddur árið 1971. Hann var ekki orðinn fullra 18 ára þegar hann gekkst hinn 3. apríl 1989 undir sátt fyrir brot gegn 106. og 1. mgr. 217. gr. alm. hgl. Í fimm önnur skipti hefur hann gengist undir sátt, fjórum sinnum vegna umferðarlagabrota og einu sinni vegna áfengislagabrots og brots gegn 106. gr. alm. hgl., síðast var gerð við hann sátt 10. júlí 1997. Hann hefur fimm sinnum hlotið dóm. 14. janúar 1994 varðhald í 40 daga, skilorðsbundið í þrjú ár vegna líkamsárásar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. alm. hgl., hinn 26. júní 1995 þriggja mánaða varðhald skilorðsbundið í þrjú ár fyrir brot samkvæmt sömu lagagrein, hinn 29. september 1995 fimm mánaða fangelsi fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, hinn 4. janúar 1996 fangelsi í fjóra mánuði fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. og loks 28. mars sama ár tveggja mánaða hegningarauka fyrir brot samkvæmt sömu lagagrein. Hinn 29. desember 1996 var honum veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar 110 dögum. Stóðst hann það skilorð. Eftir 18 ára aldur hefur ákærði því fjórum sinnum hlotið refsingu fyrir líkamsárásir, síðast árið 1996, og auk þess einu sinni fyrir brot gegn 106. gr. alm. hgl.

Árás ákærða beindist gegn tveimur mönnum og þykir hafa verið tilefnislaus og vítaverð, alvarleg meiðsli hefðu getað hlotist af henni, en sú varð ekki raunin. Um ítrekun er að ræða og ber því að ákvarða refsingu samkvæmt 1. mgr. 218. gr. a, sbr. 71. gr. alm. hgl. með áorðnum breytingum. Refsingin þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Vegna sakaferils ákærða kemur ekki til greina að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærði skal greiða helming alls sakarkostnaðar. Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, ákvarðast 120.000 krónur.

Bótakröfum er vísað frá dómi.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óskar Svanur Barkarson, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði skal greiða helming alls sakarkostnaðar. Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, ákvarðast 120.000 krónur.

Bótakröfum er vísað frá dómi.
